

STARFSREGLUR

Vina í bata á Íslandi

Samþykktar á aðalfundi Vina í bata 10. apríl 2010

I. KAFLI - NAFN

Heiti samtakanna er *Vinir í bata á Íslandi*, hér eftir nefnd landsþjónusta í starfsreglum þessum. Heiti samtakanna á ensku er *Friends in Recovery in Iceland*. Kennitala samtakanna er 510305-0780.

II. KAFLI - TILGANGUR

1. grein - Tilgangur

Meginmarkmið landsþjónustunnar er að styðja þá sem eru að leiða tólf spora starf eftir bókinni Tólf sporin – Andlegt ferðalag í kirkjum landsins og öðrum stöðum sem tilkynnt hafa starfið til framkvæmdaráðs, að veita þessum kirkjum og stöðum þjónustu og koma fram fyrir þeirra hönd út á við.

2. grein - Tólf spora kerfið¹

Vinir í bata nota tólf spora kerfið til að öðlast tilfinningalegan og andlegan bata inn í líf sitt.

Reynslusporin tólf eru sem hér segir:

1. Við viðurkenndum vanmátt okkar vegna aðskilnaðar frá Guði og að okkur var orðið um megn að stjórna eigin lífi. (Róm. 7:18)
2. Við fórum að trúa að máttur, okkur æðri, gæti gert okkur heil að nýju. (Filip. 2:13)
3. Við tókum þá ákvörðun að láta vilja okkar og líf lúta handleiðslu Guðs, *samkvæmt skilningi okkar á honum*. (Róm. 12:1)
4. Við gerðum óttalaust nákvæman siðferðislegan lista yfir skapgerðareinkenni okkar. (Harmlj. 3:40)
5. Við viðurkenndum afdráttarlaust fyrir Guði, sjálfum okkur og öðrum einstaklingi yfirsjónir okkar. (Jak. 5:16a)
6. Við vorum þess albúin að láta Guð fjarlægja alla þessa skapgerðarbresti. (Jak. 4:10)
7. Við báðum Guð í auðmýkt að fjarlægja brestina. (1. Jóh. 1:9)
8. Við gerðum lista yfir alla þá sem við höfðum skaðað og urðum fús til að bæta fyrir brot okkar. (Lúk. 6:31)
9. Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust, þar sem því var við komið, svo fremi sem það særði engan. (Matt. 5:23-24)
10. Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar okkur skjátlaðist, viðurkenndum við það undanbragðalaust. (1. Kor. 10:12)
11. Við leituðumst við, með bæn og hugleiðslu, að styrkja vitundarsamband okkar við Guð, *samkvæmt skilningi okkar á honum*, og báðum aðeins um þekkingu á því sem hann ætlar okkur og styrk til að framkvæma það. (Kol. 3:16a)
12. Við fundum að sá árangur sem náðist, með hjálp reynslusporanna, var andleg vakning og þess vegna reyndum við að flytja öðrum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi. (Gal. 6:1)

¹ AA World Services, Inc. hafa veitt heimild til aðlögunar og notkunar hinna 12 spora Alcoholics Anonymous.

3. grein - Erfðavenjurnar tólf²

Tólf erfðavenjur Vina í bata samþ. 05. mars 2005 eru sem hér segir:

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu okkar kominn.
2. Það er aðeins einn leiðtogi í hverjum hópi og það er algóður Guð. Leiðbeinendur okkar eru ekki stjórnendur, heldur vinir í bata sem við treystum og hafa reynslu af Tólf spora starfinu.
3. Vinir í bata eru þeir sem fara hið Andlega ferðalag samkvæmt Tólf sporunum.
4. Hópastarf í hverri kirkju/stað á að vera sjálfráða nema um málefni sem snerta Vini í bata í heild.
5. Vinir í bata hafa þann tilgang að flytja öðrum boðskap Tólf sporanna.
6. Vinir í bata eiga aldrei að standa að, leggja fé til né lána nafn sitt neinum skyldum eða óskyldum hópum. Þetta er til þess að fjármunir, eignir og upphæfð fjarlægir okkur ekki frá upphaflegum tilgangi okkar.
7. Félagsgjöld eru engin en við sjáum okkur fjárhagslega farborða með innbyrðis samskotum. Hópastarf í hverri kirkju/stað á að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.
8. Tólfra spors starfið á að vera í höndum áhugamanna úr röðum reyndari sporafara en Vinir í bata geta ráðið starfsmann/menn til sérstakra starfa.
9. Vinir í bata er grasrótarhreyfing sem á ekki að skipuleggja en hægt er að mynda vinahópa eða þjónusturáð sem ábyrg eru gagnvart þeim sem þau þjóna.
10. Vinir í bata taka ekki afstöðu til opinberra málefna. Nafninu á að halda utan við deilur og dægurþras.
11. Afstaða okkar út á við byggir fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmiðlum skyldum við gæta nafnleyndar.
12. Nafnleyndin er hinn andlegi grundvöllur erfðavenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.

III. KAFLI - AÐILD

1. grein - Landsþjónusta

Landsþjónustu skipa allir aðilar að Landsþjónustu Vina í bata á Íslandi. Aðilar eru:

- A. Framkvæmdaráð landsþjónustunnar.
- B. Fulltrúar frá hverri kirkju/stað, einn frá hverri fullgildri VIB deild á Íslandi sem hér eftir nefnast deildarfulltrúar.

Fjöldi nefndarmanna er því breytilegur eftir fjölda þeirra staða þar sem Tólf spora starf er. Auk formlegra aðila að landsþjónustu eru aðrir vinir í bata boðnir velkomnir á fundi/viðburðir landsþjónustunnar, en hafa ekki atkvæðisrétt.

2. grein - Aðildarhæfni

Fulla aðild að landsþjónustu hafa:

- A. Þær kirkjur/staðir á Íslandi sem eru með virkt tólf spora starf skv. bókinni Tólf sporin – Andlegt ferðalag.
- B. Vinir í bata.
Skilgreining á Vinum í bata er sem hér segir:

² AA World Services, Inc. hafa veitt heimild til aðlögunar og notkunar hinna 12 erfðavenja Alcoholics Anonymous.

Það eru þeir sem hafa farið hið andlega ferðalag skv. Tólf sporunum og þar sem tólf spora starfið er unnið innan þess ramma sem bókin setur.

C. Deildarfulltrúar.

Deildarfulltrúi fer með atkvæðisrétt fyrir hönd deildar sinnar á fundum/viðburðum landsþjónustu.

3. grein - Deildarfulltrúar

- A. Deildarfulltrúar skulu tilnefndir á samviskufundi í hverri deild. Hver deild ákveður sína aðferð til að velja deildarfulltrúa. Deildarfulltrúi er valinn til þjónustu yfir tímabil sem ákveðið er af deild hans. Deild getur hvenær sem er afturkallað umboð fulltrúa síns og skal hann þá víkja sæti sem deildarfulltrúi. Hver deild ákveður með hvaða hætti varamaður deildarfulltrúa er valinn. Hvort tveggja er heimilt að tilnefna fastan varafulltrúa eða tilnefna varamann til eins fundar í senn í hvert sinn sem deildarfulltrúi forfallast. Varafulltrúi er hvattur til að sitja fundi landsþjónustu þótt deildarfulltrúi sömu deildar sé ekki forfallaður.
- B. Við val á deildarfulltrúa er mælt með að horft sé til þjónustuvilja, 12 spora vinnu, þekkingar á erfðavenjum og reynslu af tólf spora starfi.
- C. Meginhlutverk og ábyrgð deildarfulltrúa eða varamanns hans er að koma fram fyrir hönd deildar sinnar á öllum fundum/viðburðum landsþjónustu og að vera tengiliður milli landsþjónustunnar og deildarinnar og sjá þannig til þess að upplýsingar berist þar á milli.

4. grein - Fjarvera deildarfulltrúa

Deild ber að tilkynna til síns aðila í framkvæmdarráði landsþjónustu ef enginn fulltrúi hennar mætir á fundi/viðburði landsþjónustu.

5. grein - Aðild með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar hafa:

- A. Starfsfólk landsþjónustunnar ef um það er að ræða.
- B. Allir vinir í bata óháð því hvort þeir eru deildarfulltrúar eða í framkvæmdaráði.

IV. KAFLI - FRAMKVÆMDARÁÐ LANDSÞJÓNUSTU

1. grein - Framkvæmdaráð

- A. Framkvæmdaráðið skipa:
 - 1. Formaður.
 - 2. Ritari.
 - 3. Gjaldkeri.
 - 4. Tveir meðstjórnendur
- B. Framkvæmdaráð annast framkvæmd ákvarðana landsþjónustu og daglega framkvæmdastjórn málefna landsþjónustunnar. Í forföllum formanns framkvæmdaráðs stýrir ritari fundum og gjaldkeri í forföllum hans.

2. grein - Tilnefningar í framkvæmdaráð

Kosið er í störf formanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda á aðalfundi.

3. grein - Hæfniskröfur fyrir fulltrúa í framkvæmdaráð

- A. Hafi tileinkað sér tólf spora kerfi Vina í bata í tvö ár.
- B. Hafi góða þekkingu á erfðavenjum Vina í bata.

- C. Þekki til tólf sporastarfsins sem Vinir í bata vinna innan ramma vinnubókarinnar.
- D. Hafi verið leiðbeinandi og/eða í þjónustu í sinni kirkju/stað og virkur í starfinu í a.m.k. tvö ár.

4. grein - Framkvæmd kosningar

- A. Formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur eru kosnir á aðalfundi landsþjónustu. Aðalfundur skal haldinn í mars/apríl ár hvert og sérstaklega boðaður sem slíkur.
- B. Til að vera kjörgengur í stöðu formanns, ritara eða gjaldkera þarf sá sem tilnefndur er að:
 - 1. Uppfylla öll skilyrði í 3. grein þessa kafla.
 - 2. Gera sér grein fyrir ábyrgð stöðu sinnar sbr. 6. grein þessa kafla.
- C. Eingöngu þeir sem mættir eru á aðalfund eru kjörgengir nema aðalfundur samþykki undantekningu einróma. Aðeins deildarfulltrúar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Sé kosið á milli tveggja eða fleiri ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða í leynilegri kosningu.

5. grein - Kjörtímabil og endurkjör

- A. Framkvæmdaráðsmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.
 - 1. Á árum sem enda á sléttri tölu skal kjósa gjaldkera og 1 meðstjórnanda.
 - 2. Á árum sem enda á oddatölu, skal kjósa formann, ritara og 1 meðstjórnanda.
 - 3. Nýkjörnir meðlimir í framkvæmdaráði skulu hefja störf strax að loknum aðalfundi.
- B. Framkvæmdaráðsmenn geta sinnt sama hlutverki samfellt í tvö kjörtímabil. Hafi þjónusta hafist á miðju kjörtímabili er viðkomandi kjörgengur til sömu þjónustu í tvö kjörtímabil þar á eftir.
- C. Framkvæmdaráðsmaður sem gegnt hefur hlutverki samfellt í tvö tímabil, getur gefið kost á sér í annað hlutverk í framkvæmdaráði í eitt tímabil. Þannig geti sami einstaklingur verið í samfeldri þjónustu í framkvæmdaráði að hámarki í 6 ár.
- D. Hafi einstaklingur verið í þjónustu í sex ár samfellt er hann kjörgengur á ný eftir eins árs hlé, hvort heldur er til fyrra hlutverks eða annarrar þjónustu innan landsþjónustu.
- E. Nú er deildarfulltrúi kosinn í framkvæmdaráð. Þar með starfar hann í umboði landsþjónustunnar og hættir því sjálfkrafa sem fulltrúi deildar sinnar, en deildin kýs nýjan deildarfulltrúa fyrir næsta fund/viðburð landsþjónustu.
- F. Óski framkvæmdaráðsmaður eftir því að láta af störfum eða skipta um embætti í framkvæmdarráði á miðju tímabili, skal kjósa til eins árs í viðkomandi embætti samkv. 4 grein um framkvæmd kosninga.

6. grein – Hlutverk framkvæmdaráðs

- A. Formaður:
 - 1. Á að leiða alla venjulega og sérstaka fundi framkvæmdaráðs og landsþjónustu.
 - 2. Er ábyrgur fyrir því að setja saman dagskrá allra landsþjónustufunda.
 - 3. Hefur oddaatkvæði í atkvæðagreiðslum.
 - 4. Má taka þátt í leynilegri kosningu, en ekki í kosningu með handauppréttingu.
 - 5. Má taka þátt í öllum nefndarfundum.
 - 6. Á að tryggja að farið sé yfir reikninga landsþjónustu reglulega.

B. Ritari:

1. Á að leiða fundi í fjarveru formanns.
2. Sér um boðun funda.
3. Er fundarritari á öllum landsþjónustufundum og sendir fundargerð til allra landsþjónustufulltrúa (kjörnir fulltrúar og fulltrúar deilda) í tölvupósti.
4. Varðveitir allar fundargerðir fundanna.
5. Á að hafa umsjón með vefsíðu Vina í bata, hvort sem hann sjálfur eða einhver annar vinnur hana.
6. Á að halda lista yfir landsþjónustufulltrúa og lengd þeirra í embætti.
7. Ber að tilkynna til deildar ef enginn fulltrúi hennar mætir á fund landsþjónustunnar.

C. Gjaldkeri:

1. Á að leiða fundi í fjarveru formanns og ritara.
2. Á að sjá um að fylgjast með reikningum landsþjónustu.
3. Á að leggja fram yfirlit yfir fjármál á hverjum landsþjónustufundi.
4. Á að vera prókúruhafi ásamt einum öðrum framkvæmdaráðsmeðlimi.
5. Á að tryggja að til séu fylgiskjöl fyrir öllum færslum.
6. Á að hafa umsjón með bóka- og bæklingasölu landsþjónustu, hvort sem hann sér um hana sjálfur eða einhver annar.

D. Meðstjórnendur:

Meðstjórnandi tekur virkan þátt í störfum stjórnar, ákvörðunum og þeim verkefnum sem fyrir liggja á hverjum tíma hjá Landsþjónustunni.

E. Framkvæmdaráð sér um starfsemi Vina í bata á milli aðalfunda. Meðlimir framkvæmdaráðs skipta með sér kirkjum/stöðum Vina í bata til að styrkja tengslanet landsþjónustu.

F. Á aðalfundi skulu kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga til að yfirfara bókhald og fylgiskjöl áður en reikningar eru lagðir fram á aðalfundi. Skoðunarmenn eru kjörnir til eins árs í senn.

7. grein - Forföll og afsagnir

- A. Mæti framkvæmdaráðsmaður ekki á tvo landsþjónustufundi í röð án þess að gera grein fyrir forföllum sínum, skal landsþjónusta leysa hann frá störfum.
- B. Framkvæmdaráðsmanni er hvenær sem er heimilt að segja af sér störfum og skal það gert með skriflegri yfirlýsingu til framkvæmdaráðs.
- C. Landsþjónusta getur lýst vantrausti á framkvæmdaráðsmann og skal hann þá víkja. Til þessa þarf tvo þriðju hluta atkvæða á fundi landsþjónustunnar og málsins þarf að vera getið í fundarboði.

8. grein - Skipan í sæti sem losna

- A. Laus sæti í framkvæmdaráði skal kosið í við fyrsta tækifæri á fundi landsþjónustu. Kosnir í laus sæti starfa til næsta aðalfundar. Skal kjósa til starfans á næsta aðalfundi á eftir. Þegar um er að ræða kjör á miðju kjörtímabili, gildir kosning til loka þess.
- B. Sá/sú sem kosin(n) er með þessum hætti skal uppfylla hæfniskröfur sbr. 3. grein þessa kafla.

V. KAFLI – FUNDIR

1. grein - Reglulegir fundir

Haldnir eru fjórir fastir fundir/viðburðir á tímabilinu janúar – maí og september – nóvember. Sjá einnig 3. grein hér á eftir. Framkvæmdaráð ákveður stað og stund. Þessir fundir/viðburðir eru Skálholtsferð, haustfundur, aðalfundur og vorfagnaður

A. Skálholtsferð:

Þar fer fram undirbúningur fyrir starfið, hópefli og fræðsla. Hver deild sendir sína fulltrúa sem ætla að vera eða eru leiðbeinendur og eru virkir í starfinu.

B. Haustfundur:

Fræðsla og styrking fyrir leiðbeinendur og trúnaðarmenn. Opin fundur fyrir alla í tólf spora starfinu á vegum Vina í bata.

C. Aðalfundur: sjá grein 2 hér á eftir.

D. Vorfagnaður

Uppskeruhátíð Vina í bata. Helgihald, vitnisburður og lofgjörð. Allir velkomnir sem hafa komið að starfinu og gestir þeirra.

2. grein - Aðalfundur

Einu sinni á ári, í mars/apríl, skal halda aðalfund þar sem kosið er í framkvæmdaráð sbr. V. kafla, 5. grein. Tillögur að breytingum á starfsreglum, ef einhverjar eru skal einnig taka til afgreiðslu á aðalfundi, sbr. VIII. kafla.

3. grein - Aukafundir

Aukafund má boða hvenær sem er með samþykki meirihluta framkvæmdaráðs. Einnig skal boða aukafund ef þrír deildarfulltrúar fara fram á það. Boðun aukafundar er skv 4. grein þessa kafla.

4. grein - Boðun funda

Ritari annast boðun funda/viðburða. Fundir/viðburðir skulu boðaðir með tilkynningu til deildarfulltrúa og póstlista landsþjónustu. Dagskrá skal fylgja fundarboði.

5. grein - Deildir fjarri fundarstað

Leitast skal við að gera fulltrúum kirkna/staða, sem þurfa um langan veg til að sækja fundi/viðburði, kleift að taka þátt í starfsemi landsþjónustunnar þótt þeir geti ekki sótt fundi/viðburði. Fulltrúum þessara deilda er heimilt að senda framkvæmdaráði yfirlýsingu um afstöðu deildarinnar til tiltekinna dagskrárlíða þ.m.t. kosninga með bréfi eða tölvupósti. Atkvæði þannig send skulu teljast fullgild.

6. grein - Lögmæti funda

Fundur/viðburður er gildur sé löglega til hans boðað og samþykkt teljast þau mál sem hljóta stuðning meirihluta þeirra sem atkvæði greiða, þ.m.t. atkvæði sbr. 5. grein þessa kafla.

7. grein - Fundarform

Lagt er til að hefja fundi/viðburði með æðruleysisbæninni og ljúka þeim með faðirvorinu.

VI. KAFLI - NEFNDIR

1. grein - Nefndir

Landsþjónusta getur sett á stofn hverskyns nefndir, fastanefndir eða nefndir vegna sérstakra verkefna, hvenær sem er, með það að leiðarljósi að efla starf landsþjónustunnar enn frekar.

2. grein - Lýsing

Sé stofnuð nefnd skal framkvæmdaráð gera skriflega samþykkt þar sem fram kemur hvert verksvið nefndarinnar er til hvers landsþjónustan ætlast af nefndinni.

VII. KAFLI - FJÁRMÁL

1. grein - Fjáröflun

- A. Frjáls framlög Vina í bata í hverri kirkju/stað eiga að vera undirstaða fjármögnunar.
- B. Auk þess má byggja á tekjum af sérstökum verkefnum eða upptökum á vegum landsþjónustu svo fremi að það brjóti ekki í bága við sjöttu erfðavenjuna.
- C. Landsþjónustan má taka við beinum framlögum frá einstökum vinum í bata
- D. Hámarksframlag eins félaga á ári skal vera kr. 25.000.
- E. Ekki má taka við framlögum eða arfleiðslu frá neinum utanaðkomandi aðila.
- F. Landsþjónustan má taka við fé sem vinur í bata hefur arfleitt hana að. Hámark þeirrar upphæðar skal þó vera sú hin sama og í gildi er hverju sinni skv. D-lið.
- G. Landsþjónustan má ekki taka að sér vörslu sjóða, taka við framlögum eða taka þátt í fjármálum aðila utan Vina í bata

2. grein - Hæfilegur varasjóður

Ekki skal safna sjóðum umfram það sem nauðsynlegt er.

VIII. KAFLI - BREYTINGAR Á STARFSREGLUM ÞESSUM

1. grein

Breytingar á starfsreglum þessum má einungis gera á aðalfundi. Breytingartillögur með rökstuðningi skulu berast framkvæmdaráði skriflega 3 vikum fyrir aðalfund. Framkvæmdarráð þarf að tilkynna deildunum dagsetningu aðalfundar 4 vikum fyrir áætlaðan dag. Breytingartillögur skulu koma fram í fundarboði fyrir aðalfund. Tillaga um breytingu telst samþykkt fái hún stuðning 2/3 hluta þeirra deildarfulltrúa og framkvæmdaráðsmanna sem afstöðu taka á aðalfundi.

IX. KAFLI - MÁL SEM Hafa ÁHRIF Á FLEIRI AÐILA

1. grein

- A. Málum sem varða starfsemi einstakra deilda á landinu skal vísað til framkvæmdaráðs.
- B. Málum sem varða Vini í bata sem heild skal vísað til Fræðslusviðs Biskupsstofu.

X. KAFLI - SLIT

1. grein

Komi til slita þessara samtaka skal, að greiddum skuldum og skuldbindingum, afhenda eignir samtakanna til Hjálparstofnunar kirkjunnar.

2. grein

Engar eigur samtaka þessara mega ganga til félagsmanna eða þeirra sem unnið hafa þjónustustörf innan Vina í bata umfram það sem talist getur eðlileg greiðsla fyrir útlagðan kostnað.